

hans og ákærða, sem leiddu til líkamsmeiðinganna, þykja bætur til hans vegna þessa liðs kröfunnar hæfilega metnar á kr. 2500.00, og ber að dæma ákærða til að greiða honum þá upphæð. Alls ber því að dæma ákærða til að greiða Þórði Hermannni kr. 6460.00. Vaxta af upphæð þessari hefur ekki verið krafizt.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað í máli þessu.

Rekstur máls þessa hefur tafizt nokkuð vegna annríkis dómarsans og af miklum fjarvistum ákærða vegna sjómennsku.

Dómsorð:

Ákærði, Friðgeir Ragnar Guðmundsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Þórði Hermannni Kristmundssyni kr. 6460.00 innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. febrúar 1957.

Nr. 26/1957. **Árni Guðmundsson**

gegn

Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. janúar þ. á., sem hingað barst 12. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu 5. desember 1956, en úrskurður þessi, sem hratt frávísunarkröfu sóknaraðilja, var birtur honum 19. f. m. Virðist sóknaraðili vilja krefjast þess,

að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja verði vísað frá sjó- og verzlunardóminum. Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Frávísunarkröfu sína í héraði hefur sóknaraðili stutt þeim rökum, að fjárfraða varnaraðilja, sú sem stefnt er út af, sé sér óviðkomandi og hefði varnaraðili átt að beina kröfu sinni gegn öðrum manni. En þótt þetta væri rétt, leiðir það ekki til frávísunar málsins. Ber því að staðfesta úrskurð sjó- og verzlunardómsins að niðurstöðu til.

Það athugast, að héraðsdómari hefði átt að leiðbeina umboðsmanni sóknaraðilja, sem er ólöglerður, um kröfugerð af sinni hálfu í málinu, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Svo bar honum og á fyrsta dómþingi, er ólöglerður maður kom fyrir dóm af hálfu varnaraðilja, að leiðbeina honum um að afla glöggra gagna fyrir kröfu sinni og fjárhæð hennar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Ísafjarðarsýslu 5. desember 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 5. desember, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var í sýsluskristofunni á Ísa-firði af Jóhanni Gunnari Ólafssyni sýslumanni, formanni dómsins, ásamt sjódomsmönnum Halldóri Guðmundssyni og Bjarna Hjaltasyni, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 6. nóv. s.l.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 12. nóv. 1953, af Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga, Súðavík, gegn Árna Guðmundssyni skipstjóra, Súðavík, til greiðslu á aflahlut Þorgils Þorsteinssonar, Súðavík, að fjárhæð kr. 4400.00, auk 2.5% orlofsfjár, ásamt 6% ársvöxtum frá 8. maí 1953 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Val, Í.S. 420, fyrir öllum dæmdum kröfum.

Af hálfu stefnda hefur þess verið krafizt, að málinu verði vísað frá dómi. Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfunni.

Eftir skriflegan flutning um þá kröfu lögðu aðiljar málið undir úrskurð dómsins.

Málavextir eru þessir:

Á vetrarvertíð 1953, en hún var frá áramótum til 31. maí, var Kjartan Geir K. Karlsson sjómaður, Súðavík, ráðinn á m/b Val, Í.S. 420, en hann er eign stefnda í máli þessu, og var hann skipverji á bátnum.

Um mánaðamótin marz-apríl fór Kjartan úr skiprúmi, en að beiðni hans kom í hans stað Þorgils Þorsteinsson. Þorgils vann síðan við bátinn frá 7. apríl til 7. maí. Þann dag ætlaði stefndi að greiða Þorgilsi kauptryggingu fyrir mánuðinn, sem hann hafði þá unnið við bátinn.

Penna mánuð var afli það mikill, að aflahlutur skipverja var allmiklu hærri en kauptryggingin. Taldi Þorgils, að stefndi ætti að greiða sér aflahlut, en ekki kauptryggingu fyrir þetta tímabil. Þegar stefndi vildi ekki greiða nema kauptrygginguna, fór Þorgils úr skiprúmi 7. maí, og síðar framseldi hann kröfu sína á hendur stefnda til stefnanda til innheimtu, og höfðaði það þá mál þetta á hendur stefnda.

Stefndi rökstyður frávísunarkröfu sína með því, að hann sé ekki réttur aðili málsins og hafi stefnandi átt að beina því gegn Kjartani Geir Karlssyni, þar sem hann hafi ráðið Þorgils Þorsteinsson í sinn stað og borið ábyrgð á ráðningu hans.

Stefndi kvaðst ekki hafa gefið samþykki sitt til þess, að Kjartan Geir Karlsson færi úr skiprúmi, enda hafi ráðningarskilmálar hans verið á þá lund, að hann ætti að vera á bátnum, meðan hægt væri að halda honum út.

Stefndi kvaðst hafa átt tal við Kjartan Geir um miðjan marz, þar sem hann hefði heyrt, að hann ætlaði að fara úr skiprúmi um páska.

Stefndi sagði Kjartani Geir þá, að hann skyldi reyna að fá Ragnar Þorbergsson fyrir sig og skyldu þeir svo koma og ræða við sig. En þeir komu aldrei. Þann 4. apríl greiddi stefndi Kjartani Geir kr. 2,700.00 upp í kauptryggingu hans og sagði þá við hann, að hann gæti verið út aprílmánuð, en þá skyldi stefndi gefa hann eftir. Þá sagði Kjartan Geir, að hann ætlaði að vera áfram.

Annan í páskum vann Kjartan við að koma lóðunum um borð í bátinn. En þegar stefndi kom úr þeirri legu, var Þorgils Þorsteinsson farinn að vinna við bátinn. Skýrði hann stefnda frá því, að Kjartan hefði beðið hann að vinna fyrir sig. Kvaðst stefndi þá hafa sagt, að Kjartan Geir yrði að bera ábyrgð á því.

Telur stefndi, að Kjartan Geir hafi ráðið Þorgils án sinnar vitundar og samþykkis, því að hvorugur þeirra hafi minnst á það við sig. Þorgils hafi því að öllu leyti gengið inn í ráðningu

Kjartans Geirs, hvað kjör snerti, því að þeir hafi ekki rætt við sig um ráðningarkjör.

Þorgils Þorsteinsson hefur fyrir dómi skýrt frá því, að hann hafi hitt Kjartan Geir á götu annan í páskum og hafi hann þá beðið sig að fara á v/b Val fyrir sig. Sagðist Kjartan Geir vera búinn að fá samþykki Árna fyrir þessum mannaskiptum. Var ekkert rætt um kaup þeirra í milli. Þorgils vann við bátinn frá 7. apríl til 7. maí.

Ræddi hann ekki við stefnda um ráðningarkjör fyrr en 7. maí, en þá ætlaði stefndi að greiða Þorgils kauptryggingu fyrir það tímabil. En Þorgils krafðist þess að fá hlutinn greiddan og fór úr skiprúminu, er stefndi synjaði.

Kjartan Geir Karlsson hefur borið vitni í málinu. Kvaðst hann á vertíðinni hafa meiðzt í hnélið og hafi þá ekki treyst sér til að róa lengur, og því unnið í landi við v/b Val. Vann hann síðast við bátinn á annan í páskum eða 6. apríl. Kvaðst hann ekki hafa ætlað sér að vera lengur á bátnum en til páska. Þetta hefði stefndi frétt og beðið hann að tala við sig. Sagði stefndi þá, að það væri í lagi, þó hann færi, ef hann útvegaði mann í staðinn fyrir sig á bátinn.

Kjartan Geir kvaðst ekki hafa leitað samþykkis stefnda fyrir því, að Þorgils kæmi í sinn stað, en gert ráð fyrir því, að stefndi léti hann fara, ef hann væri ekki ánægður með manninn. Kjartan Geir kvaðst alltaf hafa litið svo á, að honum væri heimilt að víkja úr skiprúmi um páska, en hafi gert það fyrir stefnda að útvega mann í sinn stað. Kjartan Geir kvað stefnda aldrei hafa sett það skilyrði, að hann ætti að greiða kaup þeim manni, er hann fengi fyrir sig, enda hafi hann alltaf litið svo á, að hann bæri ekki ábyrgð á kaupgreiðslu til Þorgils Þorsteinssonar, heldur stefndi.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefnda. Telur hann, að sannað sé með vætti Kjartans Geirs Karlssonar, að stefndi hafi samþykkt, að hann færi úr skiprúmi, ef hann útvegaði mann í sinn stað og hafi hann í því sambandi minnst á ákveðinn mann, Ragnar Þorbergsson.

Kjartan Geir hafi síðan ráðið Þorgils Þorsteinsson f. h. stefnda í staðinn fyrir sig. Telur stefnandi, að ekki hafi verið ástæða til þess fyrir Kjartan Geir eða Þorgils að tala um ráðninguna frekar við stefnda, þar sem hann hafi þegar gefið Kjartani brottfararleyfi. Þorgils hafi einnig verið fullgildur verkamaður, enda hafi því verið margyfirlýst af stefnda, að út á verk hans hafi ekkert verið að setja.

Þorgils hafi því unnið hjá stefnda í þeirri trú, að hann væri ráðinn hjá honum samkvæmt gildandi kjarasamningum frá 31. des. 1952. Aðrir samningar um ráðningarkjör Þorgils hafi ekki komið til greina, þar sem þetta séu heildarsamningar og því aðrir samningar um kaup ógildir. Og þó að stefndi hafi ekki lýst því yfir, að hann hafi tekið við Þorgils í skiprúm samkvæmt gildandi samningum, þá hafi hann viðurkennt það í verki með því að láta hann vinna við bátinn og greiða honum upp í kaup hans kr. 500.00.

Það er óumdeilt í máli þessu, að Þorgils Þorsteinsson vann við bát stefnda frá 7. apríl til 7. maí 1953. Stefndi greiddi honum kr. 500.00 upp í kaup fyrir það tímabil og bauðst til að greiða honum kauptryggingu samkvæmt þágildandi samningum.

Hefur stefndi þannig skuldbundið sig til að greiða Þorgils Þorsteinssyni kaup fyrir þetta tímabil, þó að þeim komi eigi saman um, hve hátt það skuli vera. En vegna þess ágreinings virðist mál þetta höfðað.

Verður frávísunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 27. febrúar 1957.

Nr. 113/1955. **Helgi Benediktsson**

gegn

Teiti Bjarnasyni og gagnsök

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Helgi Benediktsson, er eigi sækir dómþing í Hæstarétti, greiði kr. 200.00 til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Gagnáfrýjandi, Teitur Bjarnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.